



Landsnet – Áraun slydduísingar norðanlands í nótt og á morgun.

16.11. 2016 kl. 15:00

Almennt

Hvessir af norðri norðanlands ásamt úrkomu. Loftið er talsvert kalt af uppruna, en þegar það streymir yfir tiltölulega heitan sjóinn norður undan drekkur það í sig rakann og jafnar út varmann með þeirri afleiðingu að í lægstu hæðum fylgir þessu bleyta í +0,5 til +1,5°C. Hætt er við að slydduísing hlaðist á línur neðan 100-150 m, en líka skýjaísing hærra uppi þar sem gnótt verður af undirkældum vatnsdropum. Í einhverjum mæli ísing nú síðdegis með fyrsta bakkanum, en einkum þó í nótt og á morgun.

1. Slydduísing einkum á línur á láglandi þvert á vindátt. S.s. Rangárvallalínu í beygju úr Hörgárdal suður Moldhaugnahálsinn. Laxárlínan um Ljósavatnsskarð og þvert yfir Fnjóskadal og einkum eftir kl. 06-09 á Kópaskerslínu.
2. Mikil úrkoma, en stefna Sauðárkrókslínu og Dalvíkurlínu samsíða vindátt, dregur mikið úr áraun.
3. Skýjaísing verður við þessar aðstæður í 300-400 m hæð. Einkum er horft til Blöndulínu um Vatnsskarð og Kröflulínu 1 yfir á Rangárvelli. Einnig Laxárlína um Vaðlaheiði.

Meiri óvissa er um mat á skýjaísingu, en þetta norðanloft sem væntanlegt er á morgun verður rakaþrungið bæði vegna gufunar úr sjónum, en líka vegna þess sem kemur lengra að og myndar sjálvan úrkomubakkann. Víða má gera ráð fyrir 20-40 mm úrkomu og staðbundið jafnvel meira.

Veðurhæð í nótt og á morgun verður þetta 20-25 m/s í lofti og 17-22 m/s nærri jörðu.

Veðurviðvörðun

Með vaxandi norðanátt með úrkomu norðanlands má í nótt og eins á morgun gera ráð fyrir áraun ísingar á flutningslínur á Norðurlandi, einkum frá Skagafirði og austur í Öxarfjörð.

Einar Sveinbjörnsson
857-1799